

Fimmtudaginn 29. október 1998.

Nr. 172/1998.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Einari Jóni Blandon

(Helgi Birgisson hrl.)

Tékkar. Skilorð. Skaðabætur. Frávísun máls að hluta frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar 16. apríl 1998 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun og jafnframt af hálfu ákærvalds. Endanlegar kröfur ákærvaldsins eru þær, að refsíákvörðun verði endurskoðuð, en niðurstaða héraðsdóms um skaðabætur verði staðfest.

Af hálfu ákærða var lýst yfir því fyrir Hæstarétti, að ekki væri ágreiningur um, að hann bæri á því refsíabyrgð samkvæmt 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. 1. gr. laga nr. 35/1977, að ekki hefði verið innstæða á tékkareikningum nr. 4555 við Háaleitisútibú Búnaðarbanka Íslands og nr. 40210 við Sparisjóð vélstjóra, þegar þeim fjór-um tékkum, sem ákæra tekur til, var framvísað til greiðslu. Brot ákærða eru réttilega heimfærð til refsíákvæða í héraðsdómi.

Tékkarnir, sem áður er getið, voru gefnir út til Samskipa hf. Þeir voru dagsettir í janúar og mars 1997 og samtals að fjárhæð 449.736 krónur. Fyrir liggur, að tékkarnir voru afhentir félaginu í viðskiptum í desember 1996 og janúar 1997 gegn fyrirheiti um, að þeim yrði ekki framvísað í banka fyrr en að tilteknum tíma liðnum. Svo sem viðskiptum var hér háttað, mátti viðtakanda tékkanna vera ljóst, að ekki væri fullvíst, að innstæða yrði fyrir fjárhæð þeirra, þegar að innlausn kæmi. Ákærði hefur ekki fyrr gerst sekur um brot, sem máli skiptir við ákvörðun refsingar nú. Þegar þessara atriða er gætt og litið til þeirrar refsingar, sem liggur við broti samkvæmt 73. gr. tékkalaga með áorðnum breytingum, þykir rétt að fresta ákvörðun

um refsingu ákærða skilorðsbundið, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu þessa dóms, ef hann heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Í gögnum málsins er staðfest, að áðurgreindur tékkareikningur við Búnaðarbanka Íslands var á nafni Heildverslunar Erlends Blandon ehf., sem ákærði mun hafa verið framkvæmdastjóri fyrir. Í málatilbúnaði ákærða fyrir Hæstarétti er staðhæft, að sama máli gegni um tékkareikninginn við Sparisjóð vélstjóra. Ákærði gekk ekki í ábyrgð fyrir greiðslu tékkanna með því að gerast ábekingur á þeim. Ekki liggja fyrir nægileg gögn um, hvort starfsmönnum Samskipa hf., sem áttu hlut að viðskiptum við ákærða, hafi verið talin trú um, að næg innstæða yrði fyrir tékkunum við framvísun þeirra í banka. Af þessum sökum eru ekki skilyrði til að taka afstöðu til bótakröfu, sem Samskip hf. hafa gert á hendur ákærða undir rekstri málsins, eins og reifun þess hefur verið hagað. Verður bótakröfunni því vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað. Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Einars Jóns Blandon, er frestað, og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu þessa dóms, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Bótakröfu Samskipa hf. á hendur ákærða er vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Helga Birgissonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. mars 1998.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 27. janúar 1998, á hendur „Einari Blandon, Litlu-Hildisey, Austur-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu, fyrir brot á tékkalögum með því að hafa í desember 1996 og janúar 1997 greitt Samskipum hf., Holtagörðum við Holtaveg í Reykjavík, með fjórum eftirgreindum tékkum, samtals að fjárhæð 449.735 kr., sem ákærði gaf út á reikning nr. 4555 í Búnaðarbanka Íslands, Háaleitisútibúi, Reykjavík, nema hinn síðastgreinda, sem ákærði gaf út á reikning sinn nr. 40210 í Sparisjóði vélstjóra, Síðumúla 1, Reykjavík, til innlausnar á tilgreindum útgáfudögum, en á innlausnardögum tékkanna reyndist ekki vera innstæða fyrir andvirði þeirra á reikningi ákærða:

1. 125.350 kr. á eyðublaði nr. 1644936, dagsettur 25. janúar 1997,
2. 10.331 kr. á eyðublaði nr. 1631136, dagsettur 4. mars 1997,
3. 89.382 kr. á eyðublaði nr. 1631135, dagsettur 15. mars 1997,
4. 224.672 kr. á eyðublaði nr. 1319057, dagsettur 5. mars 1997.

Telst þetta varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94/1933, sbr. lög nr. 35/1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefst Sveinn Skúlason hdl. fyrir hönd Samskipa hf. þess, að ákærði verði dæmdur til að greiða höfuðstól tékkanna ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá sýningardögum þeirra til greiðsludags auk málskostnaðar lögmanns samkvæmt gjaldskrá“.

Verjandi ákærða krefst vægustu refsingar, sem lög leyfa, og að skaðabótakröfum verði vísað frá dómi.

Ákærði hefur fyrir dómi greint frá því, að háttsemi sinni sé rétt lýst í ákæru. Hann kvaðst hafa greitt fyrir þjónustu hjá Samskipum með tékkum, sem dagsettir hafi verið 30 til 40 daga fram í tímann, og þannig hafi verið um þá tékka, sem ákært er út af. Við innlausn tékkanna hafi ekki reynst innstæða á tékkareikningunum. Vísað er til ákærunnar um frekari málavaxtalýsingu.

Niðurstöður.

Sannað er með skýlausri játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærði hefur framið þá háttsemi, sem ákært er út af.

Ákærði greiddi fyrir þjónustu með útgáfu tékka, sem dagsettir voru 30 til 40 daga fram í tímann, og hefur starfsmaður Samskipa staðfest, að viðskiptahættir voru eins og ákærði hefur borið. Við útgáfu tékkanna skuldbatt ákærði sig til þess að sjá svo um, að innstæða yrði á reikningunum við

innlausn tékkanna, en svo reyndist ekki vera. Ákærði ber refsíabyrgð skv. 73. gr. tékkalaga á því, að ekki var innstæða á reikningunum við innlausn tékkanna, og er brot ákærða rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Ekkert í sakafæri ákærða hefur áhrif á ákvörðun refsingar í máli þessu, en refsing er ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga, og þykir refsing ákærða hæfilega ákvörðuð varðhald í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsivistarinnar skilorðsbundið í tvö ár frá uppsögu dómsins að telja, og skal hún falla niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði hafnar skaðabótakröfum, og hefur verjandi hans krafist þess, að þeim verði vísað frá dómi. Dómurinn telur engin þau rök fram komín, er leiða eigi til frávísunar skaðabótakrafna, en ákærði bakaði Samskipum hf. tjón með hinni refsiverðu háttsemi sinni. Ákærði er því dæmdur til að greiða Samskipum hf. höfuðstól tékkanna auk dráttarvaxta, eins og í dómsorði greinir, utan að vísað er frá dómi vaxtakröfu vegna tékka nr. 3, þar sem ekki er í gögnum til að dreifa upplýsingum um það, hvenær sá tékki var sýndur til greiðslu. Tveir fyrstu tékkarnir voru sýndir til greiðslu 10. febrúar 1997, en tékki nr. 4 5. mars 1997. Kröfu um greiðslu málskostnaðar lögmanns samkvæmt gjaldskrá er vísað frá dómi, þar sem gjaldskrá lögmanns fylgir ekki kröfugerð.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, en ekki eru dæmd saksóknarlaun, þar sem málið var flutt á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991, en Guðjón Magnússon fulltrúi flutti málið af hálfu ákæruvaldsins, en verjandi, Halldór Birgisson héraðsdómslögmaður, afsalaði sér málsvarnarlaunum.

Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Blandon, sæti varðhaldi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar skilorðsbundið í tvö ár frá uppsögu dóms að telja, og skal refsingin falla niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði Samskipum hf. 135.681 kr. auk dráttarvaxta frá 10. febrúar 1997 til greiðsludags og 224.672 kr. auk dráttarvaxta frá 5. mars 1997 til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.